

32. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 frá 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 286 28. september 1973, um meðferð og merkingu sláturafurða af alifuglum, 25. gr. reglugerðar nr. 205 29. desember 1967 um útbúnað sláturhúsa m. m., og önnur ákvæði er kunna að brjóta í hága við reglugerð þessa.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. maí 1980.

Pálmi Jónsson.

Sveinbjörn Dagfinnsson.

13. maí 1980.

Nr. 261.

REGLUGERÐ
um merki lögreglunnar.

1. gr.

Hið almenna lögreglumerki ríkisins er gyllt stjarna með sex jöfnum örmum. Í miðri stjörnunni er skjöldur með tveimur krosslögðum sverðum að baki skjaldarins, þannig að aðeins sjást hjöltun ásamt efsta og neðsta hluta blaðanna. Umhverfis skjöldinn er áletrunin: MEÐ LÖGUM SKAL LAND BYGGJA, afmörkuð með tveimur hringferlum. Frá ytra hringferli liggja 54 teinar með jöfnu millibili út að jaðri stjörnunnar.



2. gr.

Þar sem Ísland er aðili að Alþjóðasamtökum sakamálaögreglu, „INTEPOL“, er merki þeirra jafnframt lögreglumerki á Íslandi.

Merki samtakanna er blátt á hvítum grunni, sporöskjulagað hnattlíkan með lárviðarsveig til hliðanna, með áletruninni: OIPC og ICPO ofan á hnattlíkaninu, en

INTEPOL undir því. Þá er sverð lóðrétt að baki líkaninu og sjást hjöltu þess og efsti og neðsti hluti blaðsins. Tvær vogarskálar eru fyrir neðan hnattlíkanið.



3. gr.

Önnur lögreglumerki, sem gerð eru sérstaklega vegna rannsóknarlögreglustarfa eða annarra lögreglustarfa, skulu jafnframt vera merki lögreglunnar.

4. gr.

Óheimilt er án samþykkis dómsmálaráðuneytisins að nota lögreglumerki eða hluta þeirra.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, sem sett er með heimild í 11. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, geta varðað refsingu samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. maí 1980.

Friðjón Þórðarson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um veiðitakmarkanir 1. maí—15. ágúst 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 hestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar veiðar með eftirgreindum hætti: